
1. FUNDUR Í SKÓLARÁÐI SJÁLANDSSKÓLA 21. OKTÓBER 2020

Mættir: Sesselja Þóra Gunnarsdóttir skólastjóri, Ósk Auðunsdóttir aðstoðarskólastjóri, Tómas Þór Jacobsen fulltrúi grenndarsamfélags, Ari Jónsson fulltrúi nemenda, Ingunn Þóra Hallsdóttir fulltrúi kennara, Arna Friðriksdóttir fulltrúi foreldra.

Dagskrá skólaráðsfundar

1. Kynning á skólaráði og skipulag funda
2. Upphaf skólaársins
3. Starfsáætlun skólans
4. Foreldrastarf
5. Upphaf starfsársins hjá Klakanum
6. Önnur mál

FUNDARGERÐ

Miðvikudaginn 21. október kom skólaráð saman til 1. fundar ársins 2020

1. Kynning á skólaráði og skipulag funda

Fulltrúar kynntu sig. Sesselja kynnti hlutverk skólaráðs og tilgang. Skólaráð er lögbundið og fundargerð er birt á heimasíðu skólans. Hún fór yfir og kynnti fundartíma vetrarins í skólaráði. Búið er að setja niður fjóra fundi, 2. desember, 10. febrúar og 12. maí.

2. Upphaf skólaársins

266 nemendur skráðir í skólann. Fækkun um 36 nemendur á milli skólaára sem skýrist að mestu af fækkun í unglingsdeild. Stór árgangur útskrifaðist í vor og óvenju lítill árgangur hóf nám í 8. bekk í haust. Alþjóðaskólinn er ekki lengur með aðstöðu í Sjálandsskóla að undanskyldum einum árgangi sem hefur kennslurými í íþróttahúsi. Alþjóðaskólinn nýtir áfram matsal, tónlistarstofu, íþróttasal og sundlaug. Starfsmenn eru 68 og það eru litlar breytingar í starfsmannahópnum. Haustið var skólanum þungbært vegna áfalla. Skólinn vann eftir áfallaáætlun skólans sem hefur verið uppfærð og birt á heimasíðu skólans.

Covid - 19 hefur sett mark sitt á skólastarfið þetta haustið. Morgunsöngur hefur verið felldur niður tímabundið og sjálfskömmun í matsal er ekki lengur í boði. Íþróttakennsla hefur farið alfarið fram utandyra ásamt því að sundkennsla hefur fallið niður. Nemenda- og foreldraviðtöl verða rafræn. Það er búið að hólfa skólann eins mikið niður og mögulegt er. Auka kaffistofa var útbúin til að minnka samneyti starfsfólks.

3. Starfsáætlun skólans

Sesselja fór yfir starfsáætlun skólans sem hefur verið birt á heimasíðu Sjálandsskóla. Áætlunin er búin til fyrir eitt ár í senn. Leiðarljós fyrir skólaárið 2020-2021 er heilsuefning hjá starfsfólki, andleg og líkamleg ásamt fjölbreyttum kennsluháttum. Á dagskrá er að halda 8 vikna Yoga Nidra námskeið fyrir starfsfólk. Það átti að hefjast í október en var frestað um óákveðinn tíma út af Covid – 19. Í haust hefur starfsfólk farið í gönguferðir og hjólaferð.

Fjölbreyttir kennsluhættir. Sjálandsskóli styrkti leiðtogaeymið sitt þetta skólaár og bætti við leiðtoga á miðstig sem sinnir einnig verkefnastjórn í útikennslu frá 1. – 7. bekk. Leiðtoginn hefur nú þegar farið inn í alla árganga í skólanum með fræðslu og er kennurum innan handar. Hann sér einnig um virknitíma og félagsmótun með ákveðnum nemendum. Útikennsla hefur verið fjölbreytt þetta haustið og hafa m.a. allir árgangar á miðstigi farið á kajak. Sjálandsskóli er með eitt þróunarverkefni í gangi sem ber heitið Að hugsa út fyrir boxið. Í tengslum við verkefnið fékk skólinn Sössu Eypórsdóttur frá KVAN í sérverkefni í 8. bekk. Út frá þeirri vinnu hefur komið upp sú hugmynd að útbúa skynörvunarherbergi fyrir nemendur.

4. Foreldrastarf - foreldrafélagið

Aðalfundur foreldrafélagsins hefur enn ekki verið haldinn vegna Covid – 19. Stefnt er að halda rafræna fund sem fyrst. Það vantar tvo nýja fulltrúa í félagið. Foreldrafélagið ætlar að athuga með fræðslu til að efla samtalsvettvang foreldra í hverjum árgangi.

5. Upphaf starfsársins hjá Klakanum

Nemendur sækja vel félagsmiðstöðina Klakann. Dagskrá tekur mið af Covid – 19 þar sem reynt er að koma í veg fyrir of mikla blöndun og nánd nemenda. Fyrirverandi nemendur Sjálandsskóla sem eru nú í 8. bekk í Garðaskóla hafa sótt félagsmiðstöðina mikið þetta haustið. Vegna Covid – 19 þurfti að taka fyrir það til að koma í veg fyrir blöndun nemenda á milli skóla.

Félagsmiðstöðvar í Garðabæ (Klakinn í Sjálandsskóla, Garðalundur í Garðaskóla, Elítan í Álftanesskóla) byrjuðu í haust með tilraunaverkefni sem ber heitið Götuvaktin. Tveir starfsmenn þvert á félagsmiðstöðvar í Garðabæ eru á vakt á föstudagskvöldum kl. 10 – 01. Tilgangur Götuvaktarinnar er að auka sýnileika í hverfum Garðabæjar með virku vettvangsstarfi utan opnunartíma félagsmiðstöðvanna.

Fundargerð ritaði:

Ósk Auðunsdóttir